


HEIMIR



EFNISYFIRLIT

Lífs og líðian	- - - -	Kr. Stefánsson
Úr helgisögum Ítala (þýtt)	- - - -	Rögnv. Petursson
Gríska menningin og kristindómurinn (þýtt)	- - - -	T. B. Jevons
Madonna (þýtt) af E. Á.)	- - - -	Robert W. Service
Nokkrar athugasemdir	- - - -	- Rítstj.
Eitt af hlutverkum kyrkjunnar	- - - -	- Rítstj.
General Conference	- - - -	- Rítstj.
Úr ýmsum áttum	- - - -	- Rítstj.
Vilhjálmur í myninni	- - - -	Robert Louis Stevenson



VIII. ÁR

1911

2 BLAÐ

Hvers vegna ættu menn að greiða atkvæði með

FRANK W.
A D A M S

FYRIR BORGARSTJÓRA

—

Vegna þess að bestu menn bæjarins hafa valið hann; bestu menn bæjarins greiða atkvæði með honum, og þessir menn setja besta manninn í embætti. Áltur þú ekki að þessir menn muni vinna? Þú æskir eftir að vera með þeim sem sigurinn vinna. Og gleymdu ekki að segja vinum þínum, hver er besti maðurinn fyrir borgarstjóra. Faðu þá til að greiða atkvæði með **ADAMS** einnig.

—

Vegna bæjarins í heild sinni gleymdu ekki þessu.



Lífs og liðinn.

Hann þótti slunginn, sleipur, flækin
og slyngur að hlaða' undir fyrirtøkin.

Hann bar í mörgu af bræðrunum rösku —
þeir bölvuðu honum í sand og ösku.

Hann hélt á þeim eins og hefli og sög,
og hjó og grópaði þeirra lög.

Og eftir samlyndis kuldakafinn
þeir köstuðu út netinu. — Hann sá um afþann.

Svo dó hann. — Þá féllst til æðruefni
og orðgjálpin klauf sig á nýju stefni :

Í lífinu var hann misindismaður,
í moldinni er hann dánumaður.

KR. STEFÁNSSON.

Úr Helgisögum Ítala.

I.

Hversu Makaríus frá Alexandría sá fjölda óhreinna anda í kyrkju, er freistuðu manna á ýmsan hátt.

Eftir sögu Hérónými helga.

Makaríus dvaldi í þeim stað er nefndur var Skýþía. var það stórt munkasetur um tvær dagleiðir frá Nítríaklaustri, lá þangað enginn vegur og varð að eins komist þangað með því að miða áttina við stjörnur. Þar var vatns skortur, vatnið fúlt en þó eigi bragðilt. Þar bjuggu fáir munkar aðrir, en þeir er allra voru helgastir, því svo var staðurinn ægilegur að fáir fengu haldist þar við. Þeir lifðu í miklum kærleika sín á meðal, og eins gagnvart þeim munkum er komu að heimsækja þá. Og vil ég segja frá einu dæmi, þessa kærleika, er þeir auðsýndu. Makaríus, er eitt sinn var gefinn kvistur, með vínberjum, tók berin og gaf þau strax öðrum, er hann áleit sér meiri þurfamann. En þessi, gerði guði þakkir fyrir örlyndi Makaríusar, áleit að annar munkur þyrfti þeirra meira með en hann og gaf þau honum. Þannig gengu þau milli allra í klaustrinu unz að lokum þau komu til Makaríusar aftur, er þá skynjaði hve mikill kærleikurinn og hófsemin, var á meðal þeirra, var örvaður til meiri ástundunar en áður.

Trúaðir menn hafa sagt frá því, er heyrðu það af hans eigin vörum, að eitt sinn kom djöfullinn, búinn eins og munkur, drap á klefadyr hans og sagði: “Stattu upp, Makaríus, látum oss ganga til kyrkju, þar sem allir munkarnir eru”. Og Makaríus, er þekti hann, svaraði: “Þú lyga-óvinur alls sannleika, hvaða samfélag átt þú með söfnuði bræðranna?” Þá sagði Satan, er hann sá að hann var uppvis orðinn: “Vitið þér þá ekki, að á

hverjum þeim stað þar sem kyrkja er, þar eru vör?” “Guð afstýri því að þér fáið unnið þar tjón”; svaraði Makaríus, kraup niður og bað til guðs að hann vildi auglýsa sér, ef þetta hrós óvinarins væri satt. Og hann stóð upp, fór til kyrkjunnar þar sem munkarnir voru saman komnir, og bað á ný hinn mikla guð sannleikans að opinbera sér hið sanna um þetta efni. Og meðan hann var á bæn, sá hann í kyrkjunni fjölda smá blökkumanna, að virtist, er gengu fram og aftur meðal munkanna, svo að, eins og siður er til, þegar einn munkurinn stóð upp, söng eða las Psaltara, en hinir sátu umhverfis hann og tóku undir með svörum, þá sá Makaríus að þessir árar í blökkumannsgerfi, ræddu af miklu kappi við þá sem sátu. Þeir snertu með fingri augu sumra, svo þeir sofnuðu; þeir lögðu fingur á munu öðrum, svo þeir fóru að geispa. Einum birtust þeir í meyjjar gerfi, öðrum í annari mynd, og sá Makaríus að þannig héldu þeir föstum eða sneru, hugum munkanna. Einn fremur sá hann að þeir fullkomnari ráku þá frá sér, og hann sá að árnarnir flýðu frá þeim, en rækju þeir þá ekki burtu, stukku árnarnir upp um þá og settust á hvirfilinn á þeim.

Nú er Makaríus sá þessa hluti, byrjaði hann að gráta og biðjast fyrir og sagði: “Lít til vor, Drottinn, og hrek á burt þenna óvin, sem er svo fullur slægðar og vonzku”. En þá er helgi þjónustunni var lokið, gjörði hann boð eftir munkunum, tók þá afsíðis, einn eftir annan, og sagði þeim frá þessari sýn og spurði þá hverjar hugsanir þeirra hefði verið í kyrkjunni. Og samkvæmt játningu þeirra höfðu þær verið þessar, er freistingar árána gáfu til kynna. Nú sáu munkarnir að allur óstöðugleiki hjartans og hugarsvími við bænagjörð, eru verk óvinarins og stafa af hirðuleysi; vegna þess að árnarnir flýðu óttaslegnir á burtu frá þeim, er gætur höfðu á hugsunum sínum og kröftuglega veittu viðnám, og gátu ekkert tjón unnið þeim er hugann höfðu fastan við bænina og upplyftan til guðs.

Frá því er einnig sagt, að eitt sinn er munkarnir voru til altaris, sá hann að sumir þeirra tóku við viðarkolum frá árum, í stað þess að meðtaka líkama Krists, og hið heilaga sakramenti hvarf til altarisins aftur, en frá þeim er verðuglega veittu því

móttöku hurfu árarnir burt, en hann sá engil guðs legeja hönd sína yfir hönd prestsins þegar hann útdeildi þeim. Frá þeim tíma hlotnaðist honum sú náð að sjá allar sjónhverfingar óvinarins í hjörtum munkanna um bænátímann, og eins að þekkja þá úr, er maklega meðtöku sakramentið.

Silfurpokinn.

Eftir Eradíus helga.

Á Nitríafjalli bjó líka Ore ábóti, en hann sá eg ekki því hann var þá dáinn; en mikið heyrði eg af honum látið fyrir óviðjafnanlegar dygðir hans, einkum ambátt Krists. Milfana helga, er bæði sá hann og heyrði. Um hann var þess getið sérstaklega, að hann hefði aldrei logið, formælt, guðlastað eða mælt orð, nema stórt efni bæri til. Á fjalli þessu bjó líka Pambó ábóti, og lýsti sér ágæti hans af hinum góðu og fullkomnu lærisveinum hans. Meðal þeirra voru Díoskórus biskup, bræðurnir Ammoníus Evsebíus og Utínus, Orígen, Drakontíus og Nípóte, er allir báru óviðjafnanlega frægð og heilagleika. Þó Pambó væri skryddur öllum hugsanlegum dygðum, bar þó ein af öðrum, sú, að hann fyrirleit mikillega alt gull og silfur, en elskaði fátækt og allsleysi. Af honum sagði mér hin heilaga Milfana þetta: "Þegar eg fór frá Róm og kom til Egyptalands til þess að sjá hina heilögu feður á Eyðimörkinni, fór eg fyrst til Alexandríu og átt tal við Isídóra ábóta, og frétti eg fyrst hjá honum af hinu mikla dygða ríkidæmi Pambós, bað eg hann því að fylgja mér t eyðimerkurinnar svo eg fengi að sjá hann, og gjörði hann það.

"Og jafnskjótt og eg var komin alla leið til hans, hneigði eg mig fyrir honum og gaf honum poka er í voru 300 pund silfurs og baðst þess um leið, að hann gæfi mér í þess stað, eitthvað frá sér. Og hann, reis ekki frá sæti sínu, hætti ekki að riða körfu er hann var með, né leit við mér, og engu svaraði hann öðru en þessu: "Guð launi þér". En við einn lærisveina sinna sagði

hann: "Tak þetta silfur og skift því milli allra klaustranna í Lydíu og eyjunum, því mér virðast þau þurfi þess með öðrum fremur". Og hann bauð að ekkert skyldi vera gefið af því á Egyptalandi, því þar væri miklar nægðir. Og eg, var að vonast eftir að hann myndi lofa mig og þakka, en sá að hann sagði ekkert, hugsaði að hann hefði ekki tekið eftir að upphæðin væri jafn mikil, svo eg sagði: "Vitið, faðir, að þetta eru 300 pund silfurs". En hann svaraði mér, án þess þó að virða mig þess að líta við mér: "Sá, sem þér hafir fært þessa ölmusu, hann þarf eigi að láta segja sér hvað það er mikið, því hann, er þekkir þyngd fjallanna, veit vel hvað mikið silfur þetta vegur. Hefðuð þér gefið mér það, hefðuð þér réttilega mátt segja mér hve mikið það vegur, en, með því þér gáfuð honum það, sem, eins og guðspjallamaðurinn komst að orði, ekki fyrirleit gjöf ekkjunnar, — tvo smápeninga, — þá gerðist þess líka eigi þörf fyrir yður að segja meira. Hafid hljótt og verið því hægur".

"Og nokkru seinna sagði hann mér, að guð hefði opinberað sér það að hann myndi bráðlega hverfa frá þessu lífi. Og skömmu þar á eftir, án sóttar eða þrautar, nær því sjötíu ára gamall, þá hann sat við að riða smákörfu, finnandi dauðann nálægjast, fól hann anda sinn guði og hvarf í friði á burt. En áður kvaddi hann mig til sín, og sagði til mín: "Takið þessa smákörfu, því annað hefi eg eigi er eg geti yður gefið, og biðjið guð fyrir mér".

"Eftir dauða hans yfirgaf eg eyðimörkina, en körfu þessa geymdi eg eins og hinn mesta dýrgrip.

Þambó þessi sagði á dauðastundinni, við þá Paulus Hortoníus og Ammoníus, frægðarmenn mikilla lærdóma: "Síðan eg kom til eyðimerkur þessarar, hefi eg að eins neytt þess brauðs er eg hefi aflað mér með erfði, og ekkert orð hefi eg talað er eg beri iðran fyrir, en þrátt fyrir það, nú, þá eg er á förum, finst mér að eg sé fyrst að byrja að þjóna guði".

(Þýtt úr II Libro D'Oro.)

R. P.

Gríska menningin og kristindómurinn.

Eftir T. B. JEVONS.

(Þýtt úr The Harvard Theological Review 1908).

(Niðurl.). Gyðingdómurinn hafði einnig, líkt og Miþratrúin, en þó borinn af öðrum öflum, borist út um gríska heiminn. En það voru Gyðingar, sem bjuggu utan Gyðingalands, ekki þeir sem bjuggu í heimalandinu, sem urðu fyrir áhrifum grísku menningarinnar. Og áhrifin, sem Gyðingar, er bjuggu utan heimalandsins urðu fyrir, eru augsýnileg og ómótmælanleg: eigi að eins mæltu þeir á gríska tungu, heldur gátu alls ekki skilið sínar eigin ritningar nema í grískum þýðingum. Að nokkru leyti, þó í takmörkuðum skilningi væri, vann grískur hugsunarháttur bug á þjóðareinræni þeirra. Fíló er eftirtektavert og einstakt sýnishorn áhrifanna, sem grísk heimspeki hafði á Gyðinga utan heimalandsins. Áhrif grísku menningarinnar á Gyðingana voru aldrei mikil, en áhrif þeirra á hana voru svo smá, að þau verða varla talin. Þeir veittu viðtöku trúskiftingum, sem komu til þeirra. En sæðið, sem á að vaxa í jörðinni, sem því er sáð í, verður að opnast til þess að það geti vaxið. En Gyðingdómurinn var orðinn alt of fastur í sínum gömlu skorðum til að geta þroskast þannig; vaninn hafði einskorðað hann svo að allur þroski var ómögulegur. Hvað er það sem einkennir Gyðingdóminn á síðari tímum? "Er það ekki", segir Bousset, "trúarbragðasiðirnin — umskurn, viðhald laugardagshelginnar, tíundir, óbeit á blönduðum hjónaböndum, lög um fæðu, fyrirskipanir um hreinsanir, en ekki fórnfæringar og tilbeiðsla í must-erunum? Alstaðar í heiminum þekkist Gyðingurinn af þessu".

Ef það var ómögulegt fyrir Gyðingana utan Gyðingalands að tileinka sér nema smáræði af grísku menningunni vegna þjóðareinrænis síns, þá voru Gyðingarnir í heimalandinu alveg ósnortnir af henni. Vissulega líktust samt Gyðingar Grikkjum að sumu leyti. En það sem var líkt hjá báðum, var leyfar af

eldra menningarstigi — menningarstigi, sem allar þjóðir jarðarinnar komast á, og sem sumar komast af aftur. Eitt sameiginlegt atriði skal tekið fram hér: það er trúin á illa anda, djöflatrú — trú, sem finst meðal Gyðinga sem annara þjóða, trú, sem kristindómurinn tók að erfðum frá Gyðingum. Alstaðar í heiminum hugsa menn sér framferði slíkra anda eins; þeir kvelja menn og oftast nær með sama hætti. Alstaðar eru þeir reknir út af særingarmönnum; í því skyni notuðu eigi að eins Gyðingar og kristnir menn heilög nöfn, heldur einnig heiðingjarnir. Jafnvel orðin, sem notuð voru, líkjast hvert öðru: orðið “fimóþeti” (þegi þú) var sérstaklega notað í þessum særingum. Víðar en í Nýjatestantentinn er talað um sjúkdóma eins og þeir hefðu tilveru út af fyrir sig. Og því lengra sem við færumst frá því elsta í kristnum bókmentum, því oftar finnum við hið undarlega og óvanalega. Grísku áhrifin koma í ljós, hvort heldur í stofnunum eða munnmælum, að eins í hinum síðari myndunum þeirra bókmenta.

Þar sem kristindómurinn byrjaði á Gyðingalandi, stóð hann fráskilinn grísku menningunni og ósnortinn af grísk-rómverskum aldaranda. Fyrst framan af var ekki reynt að láta hann hafa áhrif í gegnum rit. Kristindómurinn tilheyrði ekki í byrjun pappírsöldinni, eins og komist hefir verið að orði. Pétur, Jakob og Jóhannes rituðu ekkert. Elztu bréfin eru bréf en ekki pistlar. Grískan, sem þau voru rituð á, var fremur hin alment talaða gríska en ritmálið. Lúkas er hinn fyrsti kristni rithöfundur, sem sýnir að hann reyndi að skrifa samkvæmt bókmentalegum rithætti. Menn höfðu þá tilfinningu að hinn heiðni heimur, með vísindi sín og heimspeki, tilheyrði valdi myrkranna. “Látið engan mann skemma yður með heimspeki”, var viðvörðunar hrópið. Það er því vel skiljanlegt, að kristindómurinn væri fyrst framan af upplýsingarlaus kenning og menningu andstæð, frá sjónarmiði hins heiðna heims.

En þetta, að kristindómurinn var framan af fráskilinn grísk-rómversku menningunni og hafði engin áhrif á rithöfunda og heimspekinga, gekk fram hjá, eða var vegna þekkingarleysis ósnortinn af bókmentum og heimspeki, stafaði af því að boðskap-

ur hans var til hjartans fremur en skynseminnar, til hinnar trúarlegu meðvitundar einstaklingsins. Það var kent að trúin væri grundvölluð á og kæmi í ljós í eigin reyuzlu einstaklingsins um samband við guð. Hin persónulega guðrækni, sem Stóikarnir höfðu örfað með prédikunum sínum, átti nú að verða aðstoðuð í því að finna einn guð. En þó talað væri til einstaklingsins var ekki talað til hans sem einstaklings, heldur sem meðlims guðsríkis. Guðsríkið átti, þegar það væri laust við öll þjóðleg takmörk og venjur þær, sem höfðu myndast í sambandi við Gyðingatrúna, að mynda samfélag, sem veitti trúarmeðvitund einstaklingsins lífsmagn og viðgang. Eins og einstaklingurinn sjálfur getur ekki lifað né komið til lífs utan mannfélagsins, eins og hann fæðist til almennrar meðvitundar, sem hann hvorki myndar né er undir honum einum komin, svo eru hin ytri sannindi trúar hans ekki sérstök í hans eigin reyuzlu. Vegna þess að þau eru almenn getur einstaklingurinn orðið þátt-takandi í þeim; vegna þess eru þau sameiginleg og eiga sér stað fráskilin hverjum einum; vegna þess mynda einstaklingarnir, sem tileinka sér þau, trúarlegt samfélag.

Oss virðist vanalega, þegar vér lítum til baka yfir viðburði sögunnar, að þeir hafi ekki getað orðið nema í einni röð. Þegar samt sem áður vér köfum ofan í sannindi sögunnar, virðist sjaldan, sem þau hefðu hlotið að vera á einn veg. Fyrir útbreiðslu kristindómsins voru tveir vegir til: Gyðingdómurinn eða til heiðingjanna. Gyðingar þeir, sem bjuggu utan Gyðingaland, mynduðu vel grundvölluð félög, sem höfðu mikil skifti við móðurlandið. Hvað var eðlilegra og sjálfsagðara en að kristindómurinn breiddist fyrst út meðal þeirra? En samt sem áður var það í þessum bygðarfélögum Gyðinganna, sem kristindómurinn mætti mestri mótspyrnu; og þó hann hefði náð að breiðast út þar, þá hefði það ekki náð lengra, vegna þess að Gyðingar höfðu í rauninni keypt umburðarlyndi af Rómverjum fyrir trú sína, með því að sleppa réttinum að snúa mönnum til sinnar trúar. Vegurinn til umheimsins gegnum Gyðingdóminn var því tvílokaður. Þáll var ekki lengi að velja: hann sneri sér tafarlaust til heiðingjanna og flutti þeim þá kenningu, að í kristnu samfélagi væri hvorki

ánaðugur né frjáls, hvorki karl né kona. Hin innri sameining mannkynsins, jöfnuður allra manna í augum guðs, sem samsvarar hinni kristnu hugmynd um einn guð og fólst í kenningu Jesú, varð að ljósri meðvitund með Páli. Hún var sannleikur, sem Stófkarnir voru orðnir sannfærðir um í siðferðislegum skilningi; þeir voru jafnvel þá farnir að kenna, að í hinu sanna ríki væri hvorki ánaðugur né frjáls, og konan jöfn manningum. En skilningur Stófkanna á þessum sannleika var siðferðis- og vitsmunalegur; hann var ekki trúarlegur. Þeir sem prédíkuðu boðskap Stófkanna, töluðu eins og trúboðinn Páll, beint til einstaklinga. En þeir töluðu til hinnar siðferðislegu meðvitundar, en ekki til hinnar trúarlegu. Þegar þessi boðskapur kom til gríska heimsins, var, eins og vér höfum séð, hugmyndin um synd og þörf á frelsun og frelsara (sóter) fyrir. En kristindómurinn gaf hugmyndinni annað innihald. Meinlætaliðnaður og annars heims hyggja voru til í gríska heiminum áður en kristindómurinn kom til sögunnar; óbrotnir lífshættir voru boðaðir og reyndir sem tilbreyting á dögum Seneca.

Frásögnin um starfsemi Páls í Atenuborg, sem gefin er í 17. kap. Postulasögunnar er sérstaklega merkileg. Það sem sagt er úr ræðu hans á Aresarhæð sýnir, að hann tileinkaði sér hugmynd Stófkanna um hina náttúrlegu þekkingu mannsins á guði og náttúrlegt siðferði mannsins. Og frásögnin er auðsjáanlega frá þeim tíma, er ekki var lengur hugsanlegt að kristindómurinn hýri inn í Gyðingatrúna. Þegar enginn vafi gat lengur átt sér stað um það að boðskapurinn væri almennur; kyrkjan hafði ætíð haft þannig lagaðan boðskap. Hversu fljótt sú sannfæring varð til sést bæði af því, að í samstæðu guðspjöllin eru tekin: "Farið og gerið allar þjóðir að lærisveinum mínum". "Prédikið allri sköpuninni gleðiboðskapinn". Og hinu, að fjórða guðspjallið er í rauninni byggt á henni. Hin mikla þýðing, sem logos-kenningin (kenningin um "orðið" í fjórða guðspjallinu) fékk fram yfir messíar-guðfræðina, er skiljanleg á sama hátt. Kristindóminum var hiklaust beint til heiðingjanna — tilgangur þeirra sem boðuðu hann var, að hann yrði heimstrú, Sem heims-trú, eða í tilrauninni til að verða það, breyttist afstaða hans

bæði gagnvart Gyðingunum og Róm, til muna. Trú Gyðinganna var sýnt umburðarlyndi af rómverskum stjórnámálönnum, vegna þess að hún var þjóðleg trú og hafði hætt öllum tilraunum að verða nokkuð meira. Sama umburðarlyndið var kristnum mönnum sýnt á meðan álitid var, að þeir væru lítt þektur og lítt skiljanlegur trúflokkur meðal Gyðinganna. Um leið og þeir hættu að vera það urðu þeir fyrir hatri frá Gyðingum og grunsemd frá hálfu rómversku stjórnarinnar; kristnir menn voru ofsóttir af báðum. Gyðingar voru þá hataðir af öðru fólki — og það hatur er jafnvel ekki ennþá útdautt í Norðurálfunni og Ameríku — og kristnir menn, sem fyrst voru skoðaðir sem Gyðingaflokkur, urðu fyrir sömu óvildinni hjá almenningi. Á stjórnarvaldsins hlið orsakaðist ofsóknin alls ekki af trúarbragðalegu umburðarlyndisleysi; það var að eins hægt að kenna það hreinni og beinni þvermóðsku, að kristnir menn neituðu að gera það sem allir aðrir trúflokkar gerðu. Hvers vegna gátu þeir ekki tilbeðið sinn hæsta guð undir nafninu Seifur, kannast við engla sína undir nöfnum annara lægri guða og borið viðtekna virðingu fyrir verndaranda keisarans? Að hin viðtekna, embættislega trú ríkisins, hin lögboðna trú, gæti orðið fyrir árásum af trúarlegum ástæðum, gat ekki komið í huga stjórnámálanna, sem að minsta kosti frá tímum Ágústusar, höfðu, í sínu trúarlega afskiftaleysi, aldrei séð neina aðra nröguleika í trúarbrögðunum en þá, að þau gætu verið handhægt verkfæri fyrir stjórnámanninn til að notast í pólitískum tilgangi. Hættan, sem af þessum misskilningi stafar, leynist í rauninni alstaðar þar sem ríki trú á sér stað. En þó stjórnámanninn rómverska keisararíkisins hefðu fyrst framan af enga meðvitund um að það væri trúarlegur kraftur, sem þeim mætti, þá vissu kristnir menn samt af því. Baráttan vakti fylgjendur kristindómsins til meðvitundar um sjálfa sig. Jesús hafði gefið svar við þeirri kröfu að dýrkunin, sem tilheyrði guði, væri gefin keisaranum. Svar kyrkjunnar braust út í feiknarlegu ofstæki, sem enn í dag biennur með afar-miklum hita — fyrir flesta lesendur óskiljanlegum hita — í Opinberunarbókinni. Róm drukkin af blóði heilagra manna og píslarvotta, skal verða eyðilögð, og reykurinn skal stíga upp

af rústuni hennar að eilífu. Aldrei framar æddi kristið ofstæki eins grimdarlega gegn keisararíkinu og það gerði í opinberunarbók Jóhannesar; en, eins og doktor Wendland segir, það er eftirtektavert að það rit var tekið upp í ritningar kyrkjunnar.

En þó ofstæki, eggjað af ofsóknum, gengi lengra í eina átt en réttlætt verður með anda hinna merkilegu orða: "Gjaldið keisaranum hvað keisarans er, og guði hvað guðs er", þá samt sem áður notaði Páll (Róm. 13) og á eftir honum kyrkjan, leyfið til að gjalda keisaranum hvað keisarans var, á hyggilegri hátt. Hin vingjarnlega afstaða gagnvart stjórnarvaldinu, sem kemur í ljós bæði hjá Lúkasi og í fjórða guðspjallinu, er í samræmi við bænirnar fyrir keisaranum, sem tíðkuðust snemma í kristnum söfnuðum, og hollustuna, sem var prédíkuð þrátt fyrir ofsóknir. En einnig á þessa hlið var hægt að misskilja orðin og hverfa frá anda þeirra. Andi orðanna er afskiptaleysið, gagnvart öllu stjórnarfyriřkomulagi, sem á að einkenna hina almennu kyrkju; það er ekki bundið við neitt sérstakt fyrirkomulag, því síður samfara nokkuru. Meginsannindin hurfu í baráttunni um það hvort rómverska ríkið ætti að stjórna kristindóminum, eða kristindómurinn rómverska ríkinu. Í þessari baráttu varð kristindómurinn að hinn lögboðnu trú ríkisins og verkfæri pólitískrar metorðagirndar páfavaldsins. Meðvitundin um að hlutverk kristindómsins væri að verða heimstrú, laut í lægra haldi fyrir tilhneigingunni að eignast allsherjar pólitískt vald. Þannig í raun og veru náði kristindómurinn þeirri pólitísku festu, sem þurfti til þess, þegar þar að kom, að berjast við Múhamedstrúna með hennar eigin vopni, sverðinu. Sverðið hefir brotnað í höndum Múhamedstrúarinnar: Islam hefir nú enga pólitíska sameiningu. Eina vonin um slíkt er "heilagt stríð"—von, sem ekki er enn þá sokkin ofan í botnleysi pólitískra ónæguleika. Hæð pólitíska vopn brotnaði einnig í höndum kristindómsins: siðbótin braut það, þó rómverska kyrkjan rétti enn þá út hendurnar eftir því af veikum mætti — en árangurslaust. Engin þjóðkyrkja, engin ríkiskyrkja, engin kyrkja, sem er áhald pólitískrar valdagirni, getur orðið allsherjar kyrkja — hin eina kyrkja. Frá Ameríku kemur meiri hluti trúboðanna, þó því megi ekki gleyma að kaþólska kyrkjan

starfar og hefir alt af starfað aflátslaust að trúboði. Á því starfsviði, í öllu falli, fer þýðing þess sem skiftir kristindóminum minnandi. Þar er meðvitundin um sameiginlegan kristindóm rétt skilin — sem hinn hæsti sannleikur. Það er nú jafn ómögulegt fyrir alla í allsherjar kyrkjunni að viðurkenna óskekulleik páfans, og það var fyrir alla í rómverska keisararíkinu að tilbiðja verndaranda keisarans; síðasta sundurlyndisefnið í öðru tilfallinu jafnt sem hinu réttlætir mótmælin og mótmælendurna.

Afskiftaleyzi um stjórnarfyrikomulag er í rauninni það sem þroskun heimstrúar er undir komin. En það var og er erfitt að læra það. Að fresta myndun allsherjar kyrkju þar til ríki, er nái yfir allan heiminn, hefir verið myndað, er sama og að hrópa, að kyrkjan hljóti, til að ná sínum sérstaka tilgangi, að þjóna valdagirni og styðja stjórnaraðferð einhvers eins pólitísku valds — hljóti að gjalda keisaranum það sem er guðs. Kristindómurinn getur lifað og hefir lifað og þróast undir mörgum mismunandi stjórnaraðferðum. Hann jafnvel lifir af þá hnignun að verða að ríkistrú og ríkiskyrkju. En þegar svo stendur á, festir hann nýjar rætur sem fríkyrkja. En kristindóminum verður ekki haldið innan neinna takmarka, hann verður jafnvel ekki takmarkaður við fríkyrkjurnar. Hann er sú trú er Jesús flytur oss með til föður vors. Hin trúarlega meðvitund er sameiginleg meðvitund um veruleg sannindi, sannindi sem eru í meðvitund einstaklingsins, en eru þar sem allsherjar sannindi, en ekki eingöngu sem sannindi einstakra sálna.



MADONNA.

ROBERT W. SERVICE.

Ég kallaði á almúga konu,
sem kvenleg og ásjáleg var,
ég setti hana í hugmynda sætið
og málaði mynd hennar þar.

Við brjóst hennar barnunga dró eg
og byrgði yfir lýtin flest, —
ég málaði hana sem myndi hún vera
ef væri hið bezta verst.

Hún hló að myndinni' og hljóp á burt
og hrósaði minni list.
En málari kom að og mælti:
“Sjá Maríu' og guðsbarnið Krist!”

Þá setti' eg um hár hennar sólbaug
og seldi' hana, og brúkaði féð.
Hún hangir í kyrkjunnar hvelving nú
og þar getur þú hana séð.

E. Á.



Nokkrar athugasemdir.

Í átjándá tölublaði "Nýs Kyrkjublaðs" þetta ár, er greinar-korn eftir séra Matthías Jochumsson á Akureyri með fyrirsögu-ninni: "Það sem ég vildi sagt hafa". Svo er að sjá af dálitlum formála, sem á undan greininni er, að hún hafi verið send til að lesast á prestastefnu á Hólum síðastliðið sumar, en það farist fyrir, og þess vegna birtist hún í Kyrkjublaðinu.

Það má gera ráð fyrir að skoðanir séra Matthíasar, sem birtast í þessari grein og öðrum, sem hann hefir ritað um kyrkju-og trúmál, séu gott sýnishorn af skoðunum margra frjáls-lyndari manna, máské nokkurra presta, á Íslandi nú. Séra Matthías hefir lengi haft orð á sér fyrir frjálslyndi, og eitthvað hefir heyrst um það skrafað, að hann hafi loks hætt prestsþjón-ustu í þjóðkyrkjunni vegna þess. Það er einnig sumum kunn-ugt, að hann hefir um langan tíma verið í allmiklu vinfengi við forstöðumenn brezka og erlenda únítarafélagsins í Lundúnum, þó aldrei hafi hann víst sjálfur haft þann kunningsskap í há-mæl-um úti á Íslandi. En hvaða skoðanir eru það, sem hann lætur í ljós í þessum greinarstúf sínum?

Í rauninni er mjög erfitt að átta sig á því; greinin er fremur hvöt en röksemdafærsla um skoðanir. Hann er í engum vafa um að trúarskoðanir og guðfræði íslenzku þjóðkyrkjunnar eru langt á eftir tímanum. Öllu þessu, sem er á eftir tímanum, verður að sleppa, en í stað þess verður að koma eitthvað nýtt. Svo er að sjá sem þetta nýja, sem á að prédika í stað hinnar gömlu og úreltu guðfræði sé fagnaðarboðskapur Jesú Krists, eins og hann finst í sanhljóða guðspjöllunum, og víða í öðrum bók-um Nýja testamentisins. Þetta lætur nú ljómandi vel í eyrum, en gallinn er, að menn hafa aldrei verið á eitt sáttir um, og eru það ekki enn í dag, hvað sé fagnaðarboðskapur Krists; og þó hafa allir, sem reynt hafa að gera sér grein fyrir því, byggt á rit-um Nýja testamentisins, hafa ekki haft á neinu öðru að byggja.

Það er eins og menn veiti því enga eftirtekt, að það kennir margra grasa í Nýja testamentinu, og það jafnvel í sjálfum samhljóða guðspjöllunum. Það er satt að kenningar Jesú um að guð sé faðir manna, og mennirnir bræður, eru þar mjög áberandi, en það er fleira þar. Þó andinn í þessum kenningum Jesú fyrir aldrei, þá verður samt heimfærsla þeirra að vera alt önnur nú en hún var á hans dögum, því sé hún það ekki, hvað er þá því til fyrirstöðu að þessar kenningar, eins og svo margt af hinum, séu "einber liðinna tíma trú og tradition?"

"Tóm rétt-trúan er ekki nóg, hún hefir aldrei endurfætt menn og þjóðir". Það er sannleikur. En hver er munurinn á hálfum rétt-trúnaði og heilum? Á næstu blaðsíðu er sagt, að tíminn sé ekki kominn til að kenna án ákveðinna trúarlærdóma. — Það á að vera vanhyggja að hlaupa frá þeim trúarhugmyndum, sem lengi hafa verið innrættar fyrir en eftir mikla innri baráttu. En setjum svo að baráttan sé stöðugt treynd af tómu hiki. Hvar er þá sigurinn? Í allri baráttu er barist fyrir einhverju; það eru víst að eins hálf-rétt-trúaðir Íslendingar, sem berjast baráttunnar sjálfrar vegna.

Þá kemur álit ensks prests um hvað sé sannur kristindómur nú á dögum. Og það er reyndar ekkert annað en stefnuskrá allmargra, ef ekki flestra únítarískra kyrkna hér í Ameríku því nær orðrétt. Þess er einnig getið að því líkar trúarjátningar finnast víða í frjálsum kyrkjublöðum. Getur verið. En það er víst og öllum kunnugt, sem fylgjast með tímanum, að únítaratrú er að finna meðal allra frjálslyndari manna, sem í orþódox kyrkjum standa. Og sumir eru nógu hreinskilnir til að viðurkenna það.

Eftir þessum greinarstúf að dæma er séra Matthías, undir niðri, mjög nálægt því að vera únítari. En sem únítari er hann ofurlítið á eftir tímanum.

Það sem hann segir um "hina völdugu, dulrænu stefnu sem kallast spiritismi", er víst á misskilningi bygt. Andatrúin hefir ekki mikla útbreiðslu í stóru löndunum og hún er langt frá því að vera trú afarmargra spekinga og kennimanna. Um sannanir andatrúarinnar er það eitt að segja, að þær eru sannanir þeim

sem engra sannana þurfa með, en ekki öðrum. Hún hefir engri stefnu kollvarpað og það er ólíklegt að hún kollvarpi nokkru nema sjálfri sér.

Eitt af hlutverkum kyrkjunnar.

Það var einu sinni skoðun flestra, og er efalaust enn þá skoðun margra, að hlutverk kyrkjunnar væri að frelsa sálir manna frá glötun í öðru lífi. Annars heims hyggjan hefir ávalt verið mjög sterkur þáttur í kristindómnum frá fyrstu byrjun. Hún var það í kenningum Páls, eins og allir geta gengið úr skugga um með því að lesa bréf hans. Svo þegar vonirnar um endurkomu Krists rættust ekki, dofnaði yfir henni, en aftur um árið 1000 bar svo mikið á henni á sumum stöðum í Norðurálfunni, að menu jafnvel hættu að sinna atvinnuvegum sínum.

Þetta, eins og svo fjölda margt annað hefir breyzt mjög mikið á síðari tímum. Sú sannfæring er komin inn í meðvitund margra, að kyrkjan, allir kyrkjuflokkar, hverjar sem kenningar þeirra séu, hafi hlutverk að vinna í sambandi við velferð manna í þessu lífi, í sambandi við hina sameiginlegu velferð fjöldans, án nokkurs tillits til trúarskoðana.

Það er sérstaklega hér í Ameríku, sem menn sjá þýðingu þessa nýja hlutverks kyrkjunnar. Meðfram stafar það efalaust af því að hér, þjóðfélagsmyndunarinnar vegna, er meiri þörf á mótstöðu gegn yfirgangi og ranglæti en víða annarstaðar, en aðallega mun það stafa af því að hér er fríkirkja en í öðrum löndum ríkis- og þjóð-kyrkjur. Ríkiskirkjan er óhjákvæmilega svo nátengd því stjórnarfyrikomulagi, sem er ríkjandi, að hennar stefna í félagsmálum verður jafnan í samræmi við stefnu þeirra, sem völdin hafa. Hver getur hugsað sér afstöðu ríkiskyrkjunnar á Þýzkalandi gagnvart umbótatilraunum sósíaldemókratanna öðruvísi en óvinveitta? Og hve nær mundi enska ríkiskirkjan

í heild sinni verða með afnámi sérréttinda lávarðanna, eða konungsvaldsins?

Hér í Ameríku stafa flest stærri vandamál félagslífsins af yfirgangi auðvaldsins í einhverri mynd. Samtökin að útiloka samkeppni í vissum iðnaðargreinum, til að geta ráðið verði, eru ómöguleg án auðvalds, en afleiðingar þeirra koma að síðustu niður á almenningi, sem kaupir og notar. Vinna barna og kvenna í verksmiðjum, undir kringumstæðum, sem eru skaðlegar bæði fyrir heilsu og siðferði, er afleiðing af fégirni auðgra verksmiðju-eigenda. Hlunninda og forréttinda veitingarnar, sem hvergi er eins mikið af, stafa af áhrifum auðvaldsins á löggjöfina. En allt þetta, og svo ótal margt annað, hefir í för með sér illar afleiðingar fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Framtíðarvelferð heildarinnar er mjög mikið undir því komin, að það takist í tíma að hefta þennan auðvaldsyfirgang.

Það, að all-mörg kyrkjufélög í Bandaríkjunum hafa nú á síðustu árum ótvíræðlega látið í ljós afstöðu sína í ýmsum atvinnumálum sýnir, að sú skoðun ryður sér æ betur og betur til rúms, að kyrkjan hafi hlutverk að vinna, annað en það að búa menn undir annað líf. Þetta hlutverk hennar er þátt-taka í hverju máli, sem snertir almenningsheillina, til góðs fyrir alla — að stuðla að hinni stærstu og almennustu velferð. Auðvitað ber mönnum ekki saman um, hvernig þessu starfi kyrkjunnar skuli hagað. Margir eru þeirrar skoðunar, að bezt sé að sem minst bein afskipti eigi sér stað, aðrir vilja hafa þátt-tökuna sem ákveðnasta. En það, að kyrkjan megi ekki láta þessi mál með öllu afskiptalaus, er vaxandi sannfæring, og það einnig hjá þeim, sem enn þá halda fast við gömlu kenningarnar um sáluhjálp og glötun.

Hin mannfélagslega starfsemi kyrkjunnar er hvorki líkna-starfsemi né afskipti af stjórnámálum. Líkna-starfsemi hefir allt af, að einhverju leyti, átt sér stað innan kyrkjunnar. Hún er fólgin í hjálpssemi við einstaklinga, sem af einhverjuni ástæðum lifa skort. Afskipti af stjórnámálum, eins og þau hafa átt sér stað, eru tilraunir kyrkjunnar til að hafa áhrif á stjórnirnar sér í hag sem stofnunar, og stuðningur sá sem kyrkjan hefir látið sömu

stjórnnum í té til endurgjalds. Þar sem hin rétta fríkyrkjustefna er ráðandi, er engin hættu á ferðum með að afskifti kyrkjunnar af mannfélagsmálunum verði að stjórn mála afskiftum, flokka-stuðningi eða stjórnarfygli.

Eitt af því sem únitara hafa gert að aðalatriði í stefnuskrá sinni er, að karakter mannsins geri hann hólpinn, sælan. Í því felst kjarni allra umbóta, því umbætur er það eitt, sem kemur einhverjum til að vilja það sem gott er, ekki fyrir sig einan, heldur fyrir sig og aðra.

General Conference.

Síðan árið 1865 hafa allar únitara kyrkjur í Bandaríkjunum verið í sambandi, sem nefnt var National Conference. Stofnun þess varð með þeim hætti, að eftir borgarastríðið 1861—64 vaknaði allmikill áhugi meðal únitara og þeir fóru að hugsa um hvernig málefni þeirra yrði unnið mest gagn og félagsskapurinn best styrktur innbyrðis. Ameríska Únitarafélagið (American Unitarian Association) hafði verið til frá 1825 og hafði unnið eftir föngum að útbreiðslu. En á hinum árlegu þingum þess hafði lítill tími gefist til að ræða ýms áhugamál viðvíkjandi stefnu og trúarskoðunum. Bæði til að fylla upp í þá eyðu og til að skapa sterkari áhuga í söfnuðunum yfirleitt var sambandið stofnað. Þau ákvæði voru sett þegar í byrjun, að ekkert af samþykktum þess skyldi skoðast bindandi, heldur að eins sem vilji meiri hlutans. Einnig átti stofnun þess að engu leyti að koma í bága við þær félagsstofnanir, sem fyrir voru, eins og t. d. Ameríska Únitarafélagið.

Síðan hefir konferensinn verið starfandi, hefir haldið þing sín, með sárfáum undantekningum, annaðhvort ár. Á þingunum hafa niðurg mála verið rædd og útkljáð, sem hafa haft mikla þýðingu fyrir flokkinn í heild sinni. Fjármál og starfshögun hafa

ekki verið rædd þar; alt slíkt hefir verið í höndum A. U. F., sem hefir mætt einu sinni á hverju ári. All-lengi, fram til 1880 var mikið um það deilt, hver skyldi vera afstaða únitara í ýmsum trúaratriðum. Skiftust menn þá í tvo flokka, annan mjög frjálslýndan, en hinn fremur íhaldssaman. Var lítið um samkomulag, meðan á þessari deilu stóð. En með tímanum dó hún út. Skoðanir frjálslýndari flokksins urðu með tímanum ofan á, og mótspyrnan gegn þeim hvarf.

Á síðasta þinginu, sem haldið var seint í október í haust í bænum Washington, var nafninu breytt, svo að sambandið nefnist nú General Conference. Þessi breyting var gerð til þess að ekki skyldi líta svo út sem úntarasöfnuðir í Kanada væru útilokaðir. Á þessu þingi voru mörg mál tekin til íhugunar og fyrirlestrar fluttir um efni eins og mentun í sambandi við trúarbrögð; umbætur í kjörum fátækra og verkalyðsins í stórborgunum; allsherjar frið; kristindóminn frá sögulegu sjónarmiði; trú og dulspeki í núverandi myndum, o. fl.

Úr ýmsum áttum.

Í bænum Los Angeles í Kaliforníu stendur yfir sakamálsrannsókn, sem hefir dregið að sér athygli manna, eigi að eins um alla Ameríku, heldur einnig víðar. Fyrir nokkrum mánuðum eyðilagðist prentsmiðja og skrifstofa blaðsins Los Angeles Times í sprengingu. Eigandi þess, Harrison Gray Otis, hefir verið svarinn óvinur verkamannafélaga og hefir notað blað sitt til að spilla málstað þeirra. Bræður tveir, Mc Namara að nafni, hafa verið teknir fastir og eru ásakaðir um að vera valdir að sprengingunni og líftjóni, sem af henni leiddi. Annar bræðranna, James Mc Namara, hefir verið skrifari verkamannafélags og búsettur í bænum Indianapolis. Leynilögglumennirnir, sem tóku hann fastan, segja að hann, ásamt fleiri verkamannaforingjum,

sé valdur að mörgum glæpum, sem hafi átt sér stað til og frá um Bandaríkin í sambandi við verkföll. En vinir hans segja, að þetta sé að eins tilraun til að hnekkja verkamannafélagskapnum; húsið hafi sprungið upp af slysi og sprengivélar þær, sem fundust í grend við það, hafi verið láttnar þar af leynilög-reglumönnum í þjónustu blaðeigandans. Málið er búið að standa yfir meira en mánuð og enn hefir ekki tekist að fá kvíddómendur, sem báðar hliðar séu ánægðar með. Efalaust stendur mál þetta yfir marga mánuði og verður mjög merkilegt. Aðalverjandi málsins er Eugene Darrow, frægur lögmaður frá Chicago, sem varði þá Moyer, Pettibone og Heywood í svipuðu máli í Boise, Idaho fyrir nokkrum árum og vann það mál.

Mjög virðist enn þá vera tvísýnt um, hvernig stríðinu milli Ítalíu og Tyrklands lyktar. Ítalir hafa átt fult í fangi með að halda bænum Trípólís, sem þeir náðu í fyrsta áhlaupinu. Tyrkir hafa reynst verri viðureignar á landi en líklegt var í fyrstu. Arabisku flokkarnir, sem berjast með Tyrkjum eru hraustir og herskáir og láta ekkert fyrir brjósti brenna, að sagt er, ef þeir leggja út í "heilagt stríð", stríð fyrir Múhamedstrúna. Ýmsar sögur um grimdarverk á báðar hliðar hafa borist úr stríðinu og verið bornar til baka.

Mepódista kyrkjan hélt nýlega allsherjar þing í Montreal (Ecumenical Conference), þar komu saman erindrekar frá flestum löndum heimsins, þar sem mepódista trú er til. Á þingi þessu virðast skiftar skoðanir viðvíkjandi hærri kítíkinni hafa komið í ljós. Meiri hluti þeirra, sem tóku þátt í umræðunum voru því hlyntir að biblíu gagnrýni væri viðtekin, en varast að láta hana hafa of mikil áhrif á trúarskoðanirnar. Aðrir samt sem áður létu þá skoðun í ljós, að biblíu gagnrýni í öllum myndum væri skaðleg fyrir trúna.— Mepódista kyrkjan skiftist í marga flokka, sem hafa nokkuð mismunandi kenningar og siði, en á þessum allsherjar þingum eru allir flokkarnir sameinaðir.

Uppreistin í Kína er efalaust einn af merkilegustu viðburð-

um þessa árs. Orsök hennar er framsóknarþrá hinnar yngri kynslóðar, sérstaklega þeirra, sem mentun hafa fengið í öðrum löndum. Stjórnin hefir lofað umbótum, en ekki komið neinum verulegum umbótum á. Þar við bætist hatur hinna innlendu Kínverja á Manchu keisaraættinni og fylgifyskum hennar. Fremur lítið hatur á útlendingum hefir gert vart við sig, enda munu uppreistarmennirnir yfirleitt hlyntir útlendum áhrifum og þeim sem þau flytja.

Snemma í síðastliðnum september hélt Mónistafélagið á Þýzkalandi fund í Hamborg. Um tvö þúsund manna komu þar saman. Prófessor Haeckel í Jena, sem er aðalstofnandi félagsins, var ekki viðstaddur, og fóru fundarmenn því til Jena til að heimsækja hann. Prófessor Ostwald, nafnkendur þýzkur vísindamaður, stýrði umræðunum. Hann komst þannig að orði í ræðu, sem hann hélt: "Við Mónistar erum andstæðir allri opinberaðri trú og öllum hugmyndum um yfirnáttúrlega hluti". Ákveðið var að beita öllum áhrifum til að fá aðskilnað ríkis og kyrkju og kyrkju og skóla komið í kring það fyrsta á Þýzkalandi.

Síðastliðinn maí voru vígð þrjú ný hlið á Búddhatrúar musteri einu í Kyato í Japan. Þessi hlið höfðu eyðilagst fyrir hér um bil 50 árum, er núverandi keisaraætt komst til valda. Vígslunni er lýst sem einum hinna viðhafnarmesta helgisíða viðburði, sem sögur fara af, jafnvel í Austurlöndum. Dögum saman þyrptist fólk saman í musterinu til að hlusta á bænir og ræður. Að minsta kosti ein milljón er haldið að hafi komið þangað. Hliðin eru mjög fögur og voru gefin af þremur auðugum kaupmönnum í Japan.



Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

MARGRÉT PRESTSDÓTTIR.

Margrét dóttir prestsins var stúlka hér um bil nítján ára gömul þegar Villi var um þrítugt. Hún var fremur lagleg og miklu betur mentuð en nokkur önnur stúlka þar umhverfis, eins og sæmdi foreldrum hennar. Hún leit mjög mikið á sig og hafði neitað nokkrum giftingartilboðum, sem hafði orsakað henni álas nágrannanna. Þrátt fyrir það var hún væn stúlka, sem mundi hafa gert hvern mann ánægðan.

Villi hafði ekki oft séð hana, því þótt prestssetrið og kyrkjan væru að eins tvær mílur frá veitingahúsinu hans, fór hann þangað aldrei nema á sunnudögum. En svo vildi til að gera þurfti við húsakynninn á prestssetrinu; og presturinn og dóttir hans fengu húsnaði í veitingahúsinu hjá Villa um mánaðartíma, gegn niðursettri borgun. Þar sem Vilhjálmur hafði fengið veitingahúsið, mylnuna og talsverðar aðrar eigur, sem gamli malarinn hafði dregið saman, mátti hann heita efnaður; og þar að auki var hann orðlagður fyrir lundgæði og hyggindi, sem hvortveggja er mjög gagnlegt í hjónabandi; þeir sem voru prestinum og dóttur hans illviljaðir, sögðu að þau mundu ekki hafa kosið sér dvalarstaðinn með aftur augun. Vilhjálmur var allra manna ólíklegastur til að láta ginna sig eða hræða til að giftast. Maður þurfti ekki annað en að horfa í augu hans, björt og stöðug eins og kyrt vatn, en þó með einkennilegum glampa, sem virtist koma innanað frá, til þess strax að ganga úr skugga um að hann var maður, sem vissi hvað hann vildi og fylgdi því fast fram. Margrét var sjálf enginn aumingi eftir útliti að dæma, hún hafði stöðugt og ákveðið augnaráð og var kyrlát í framgöngu. Það var vafasamt hvort hún gæti ekki verið jafnoki Vilhjálms í stöðuglyndi, eða hvort þeirra mundi ráða meiru á heimilinu, ef til gift-

ingar kæmi. En Margrét hafði aldrei svo mikið sem um það hugsað og leit eftir föður sínum í mesta sakleysi og afskiptaleysi.

Það var enn þá svo snemma vors að gestirnir í veitingahúsinu voru fáir og komu með löngum millibilum; en líflakrunnarnir voru í blóma, og veðrið var svo hlýtt að presturinn, dóttir hans og Vilhjálmur borðuðu miðdagsverðinn úti í laufskálanum og hlustuðu á árneðinn og fuglasönginn, sem kvað við í skóginum. Vilhjálmi fór að þykja þessir miðdagsverðir sérlega skemtilegir. Presturinn var reyndar fremur leiðinlegur mötunautur, sem hafði þann sið að dotta við borðið, en hann sagði aldrei ónotayrði. Prestsdóttirin, aftur á móti, átti eins vel við alt sem kringum hana var og hægt var að hugsa sér; og alt sem hún sagði var svo fallett og viðeigandi að Vilhjálmur gerði sér mjög háa hugmynd um gáfur hennar. Hann gat horft framan í hana þegar hún beygði sig áfram og andlit hennar bar við vaxandi furutré; það var rólegur glampi í augum hennar; ljósið lá eins og skýla utan um hár hennar; eitthvað sem líktist brosi færðist yfir fölleitu kinnarnar hennar, og Villi gat ekki annað, en horft á hana í þægilegri feimni. Hún virtist, jafnvel þegar hún var allra hæglátust, svo fullkomin, svo full af fjöri út í fingurgóma og fötin, sem hún bar utan á sér, að alt umhverfis hana varð að engu í samanburði; og þegar Villi leit af henni á aðra hluti, þá sýndust honum trén líflaus, skýin hanga í loftinu eins og dauð ferlfki og jafnvel fjallatopparnir töfrðu ekki lengur. Allur dalurinn komst ekki í neinn samjöfnuð, hvað fegurð snerti, við þessa einu stúlku.

Vilhjálmur var ávalt eftirtektarsamur, þegar hann var með fólk; en eftirtekt hans varð næstum átakanlega áköf þegar hann var með Margréti. Hann hlustaði eftir hverju orði, sem hún sagði og leitaði um leið í augum hennar að því sem hún sagði ekki. Mörg góðlátleg, einföld og hreinskilin orð bergmáluðu í hjarta hans. Hann sá að sál hennar var í jafnvægi, efaði ekkert, þráði ekkert, var full af friði. Það var ómögulegt að aðskilja hugsanir hennar og útlit. Handahreyfingin, rólega röddin, glampinn í augunum og hver lína á líkama hennar voru í samræmi við alvarlegu og góðlátlegu orðin sem hún sagði, eins og

undirspil, sem styrkir rödd söngmanns og gerir hana sér samhljóma. Áhrif hennar voru óskift, þau urðu ekki sundurliðuð og ekki varð þeim lýst, þau urðu að eins fundin með þakklæti og fögnuði. Vilhjálmí fanst nærvera hennar endurkalla í huga sínum margt úr æsku sinni, og umhugsunin um hana varð hjá honum samfara umhugsuninni um sólaruppkomu, streymandi vatn og fyrstu fjólurnar og líflakblómin. Það er einkenni þeirra hluta, sem eru séðir í fyrsta sinn, eða aftur eftir langan tíma, eins og blómin ú vorin, að endurnýja skarpa skynjun í oss og tilfinningu um dularfullan ókunnugleika, sem að öðrum kosti fynist með líðandi árum; en að sjá elskað andlit endurnýjar hugmanns frá rótum.

Framhald.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUNEFND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 385 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS



BÆJARFULLTRÚI

J. J.

WALLACE

sækir um endurkosningu í
þriðju kjördeild.

Hvers vegna ætti ég að greiða
atkvæði með honum?—Vegna
þess að hann er engum flokki
eða "klíkku" meðmæltur; vegna
þess að hann er vinur verka-
mannafélaga, og er fulltrúi
almennings; vegna þess að um-
bættisferill hans er hreinn og
hann hefir gert skyldu sína,
ekki aðeins í þriðju kjördeild,
heldur og í öllum bænum.

Nyrðri fundarsalar:

637 SARGENT AVENUE

Syðri fundarsalur:

550 PORTAGE AVENUE

PHONE GARRY 1156

PHONE SHERBROOKE 4098

**Verkamanna umsækjendur í
bæjarráðsnefndina.**

GREIÐIÐ ATKVÆÐI MEÐ:

A. W. PUTTEE

W. B. SIMPSON

R. S. WARD

Peir halda fram að ýms stórfyrirtæki eigi að vera
almenningsseign og 3 centa rafmagnsljósagjaldi

BARNALÆRDÓMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksölum. :: ::

VERÐ: 35 cent

